



FUNDARGERÐ 487. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 3. október 2023. Fundurinn er settur klukkan 08:00. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík, og fjarfundur.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Aldís Stefánsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Sækja fjarfund: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, og Orri Hlöðversson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri, og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Fjárhagsáætlun 2024

Fjármála- og framkvæmdastjóri gera grein fyrir fjárhagsáætlun ársins 2024.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun með öllum atkvæðum.

Orri vísar af fundi klukkan 08:45.

2. Málefni endurvinnslustöðva

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva, Hallur Kristmundsson, og Hjalti Brynjarsson arkitektar frá Nordic, og Karen Hulda Kristjánsdóttir, verkefnastjóri endurvinnslustöðva, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Gestir gera grein fyrir stöðu Lambhagastöðvarverkefnisins.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna.

Gestir, aðrir en Guðmundur Tryggvi, víkja af fundi klukkan 09:41.

3. Málefni grenndarstöðva

Rekstrarstjóri endurvinnslustöðva gerir grein fyrir minnisblaði um útboð grenndargáma.

Stjórn SORPU felur framkvæmdastjóra að ganga til samningaviðræðna á grundvelli tilboðs Terra umhverfispjónustu ehf. í útboði nr. 03728 – Leiga flutningar og losun á gámum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 09:57.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 7. nóvember klukkan 08:00.